


## ✉ Breyting á aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032

Búið til	11.5.2020 16:17:09
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	11.5.2020 16:17:08
Tilheyrir	 202002-0041 - Ósk eftir umsögn ykkar á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032

### Efni

Breyting á aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032
--

### Upplýsingar

Sent	11.5.2020 16:17:08	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	grindavik@grindavik.is
Cc	Atligeir@grindavik.is

### Innihald

<p>Tilvísun í málsnr. 202002-0041 (TB)</p> <p>Vísað er til bréfs frá Grindavíkurbæ, dags. 21. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á Aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032. Beðist er velvirðingar á hve lengi það hefur dregist að afgreiða erindið sem stafar mestmegnis af miklum önnum auk seinkana vegna Covid 19.</p> <p>Náttúrufræðistofnun er ekki lögbundinn umsagnaraðili um aðalskipulag sveitarfélaga samkvæmt 68. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 en þar segir: „Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. [61. gr.]<sup>1)</sup> og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.“ Engu að síður hefur stofnunin reynt að bregðast við óskum um umsagnir um aðalskipulag þar sem það er yfirleitt heppilegra að veita umsögn strax á aðalskipulagsstigi frekar en eingöngu þegar kemur að deiliskipulagi og aðalskipulag þá oftast samþykkt. Ekki er að sjá að lagðar séu til miklar breytingar skipulaginu núna umfram þær breytingar sem hafa verið gerðar/samþykktar á núgildandi skipulagi frá því að það var samþykkt, sjá kafla 3.3 greinargerð með skipulaginu, Tillaga til auglýsingar dags. 03.02.2020.</p> <p>Grindavík, þéttbýlið og ýmis athafnastarfsemi s.s. stór iðnaðarsvæði, er að miklu leiti byggð á hrauni, eins og kunnugt er, sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Það er því afar mikilvægt að öll umgengni um hraun og jarðmyndanir á skipulagssvæðinu taki tillit til þessa sbr. Kafla 2, Landnotkun, Mynd 1 í framangreindri greinargerð og texta á bls. 4. Hér má t.d. nefna hugmyndir um virkjun í Eldvörpum og hvernig tekst þar til ef af verður. Mikilvægt er að allar framkvæmdir sem verða heimilar, iðnaður jafnt sem frístunabyggð o.fl., aðlagi sig að því landslagi / jarðmyndunum sem er í landinu og lagi sig að heildarsvip þess, sbr. t.d. skilmála sem lagt er upp með á bls. 8 í kafla 2.2.3 Iðnaðarsvæði.</p>
--

Allar stærri framkvæmdir, virkjanir, boranir, vegaf framkvæmdir, efnistaka o.s.frv. eru að öllu jöfnu matsskyldar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum og sveitarfélagið oftast einn helsti leyfisveitandinn. Það er því afar mikilvægt að sveitarfélagið sé sér meðvitað um að fylgja eftir þeim skilmálum sem koma fram m.a. í aðalskipulaginu og álit Skipulagsstofnunar, eftir atvikum, og tengjast náttúruvernd.

Um minni framkvæmdir s.s. um ferðamannastaði gildir einnig að fylgja vel eftir þeim skilmálum sem koma fram aðalskipulagstillögunni, sjá m.a. bls. 19 kafla 2.2.8.

Vel er farið yfir svæði á náttúruminjaskrá í skipulagstillögunni, friðlýst svæði og önnur svæði á náttúruminjaskrá svo og 61. gr. laga um náttúruvernd og hverfisverndarsvæði, sjá einnig síðar.

Skoða þarf sértaklega hvernig hægt er að minnka áhrif fráveitulagnar frá Svartsengi (af loftmynd að dæma er sjálf lögnin ekki komin stærsta hluta leiðarinnar) þ.m.t. yfir opið svæði milli i4 og i5.

Hér fyrir neðan er ýmsar almennar ábendingar um ýmislegt sem getur nýst við frekari vinnslu á skipulaginu og einnig þegar unnið verður áfram með það t.d. við gerð deiliskipulags fyrir einstök svæði eða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Náttúrufræðistofnun er ljóst að ýmislegt af því sem kemur fram hér að neðan er einnig að finna í greinargerð, Forsendu- og umhverfisskýrsla, sem fylgir skipulagstillögunni.

#### **Almennar ábendingar vegna skipulagsvinnu og umhverfismats:**

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins eða hugsanlegra framkvæmda m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á að finna má ýmsar upplýsingar um náttúru Íslands á heimasíðu stofnunarinnar [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is>) þ.á.m. eftirfarandi gögn sem geta komið að notum við skipulagsvinnu og ákvörðunum sem tengjast þeirri vinnu: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>, og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> og [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf). Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/>. Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eru enn í ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>. Finna má upplýsingar um aðferðafræði við mat á verndargildi og val á verndarsvæðum hér: <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf> (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>).

Einnig má finna upplýsingar um 61. gr. laga um náttúruvernd hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd> og upplýsingar um jarðfræði Íslands hér: <https://jardfraedikort.ni.is/>.

Finna má upplýsingar um seli og selalátur við landið hér: [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_56.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_56.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf)) og hér <http://selalatur.ni.is/> (<http://selalatur.ni.is/>)

Yfirlit yfir válista, plöntur og dýr, má finna hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulags- eða matsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna. Mikilvægt er að hafa í huga að þó svæði sé ekki á náttúruminjasrá eða lagt til að það verði friðlýst vegna lífríkis, landslags eða jarðmyndana þarf að skoða áhrif á það með almenna náttúruvernd í huga.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum við málið gerist þörf á því. Ef óskað er eftir upplýsingum um tiltekin atriði verður reynt að bregðast við því eftir því sem hægt er.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is) (<mailto:trausti@ni.is>)



## Viðhengi

image001.gif (2 KB)